



Reykjavíkurborg  
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2019  
R19030184


Borgarráð

***Starfshópur um meðhöndlun fjárheimilda fyrir grunnskóla***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um meðhöndlun fjárheimilda fyrir grunnskóla eru lögð fram til kynningar.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Hjálagt:  
Erindisbréf starfshóps um meðhöndlun fjárheimilda fyrir grunnskóla, drög



## Erindisbréf

### Starfshópur um meðhöndlun fjárheimilda fyrir grunnskóla

#### Inngangur

Fjárheimildum til grunnskóla Reykjavíkur er árlega úthlutað á grundvelli reiknilíkans sem haldið er utanum miðlægt á fjármáladeild skóla- og frístundasviðs. Reiknilíkanið var upprunalega þróað fyrir hátt í 20 árum. Líkanið sem er sett fram í excel vinnuskjali, hefur tekið talsverðum breytingum í gegnum árin eftir því sem forsendur um rekstur og áherslur hafa breyst en er þó í grunninn hið sama og þróað var upprunalega.

Útgjöld vegna sérkennslu og stuðnings hafa á síðustu árum vaxið gríðarlega og langt umfram fjölgun barna í leik- og grunnskólum. Miklir vaxtarverkir hafa fylgt þessari þróun og fjármagn í málaflokkinn ekki fylgt aukningunni nema að hluta til. Fjármagn hefur verið áætlað út frá fyrirbyggjandi greiningum sérfræðinga á þörfum barna.

Það er mat þeirra sem að málinu koma að tímabært sé að taka úthlutunarlíkan fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar til endurskoðunar og útfæra með nýjum og aðgengilegum hætti í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar. Með sama hætti er mikilvægt að taka sérstaklega á stýringu fjárheimilda vegna sérkennslu og stuðnings.

Við stýringu á fjárheimildum til stofnana þarf að huga að fjölmörgum forsendum, tryggja að þær endurspegli þarfir rekstrarins og séu rekjanlegar frá upphafi til enda. Mikilvægt er fyrir alla sem að undirbúningi og vinnslu fjárhagsáætlunar koma, að upplýsingar og forsendur sem notaðar eru í reikniverkinu séu aðgengilegar og gagnsæjar á öllum stigum til rýningar og greiningar. Þannig verði hægt að bæta ákvarðanatöku og forgangsröðun fjármuna.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar vinnur nú að innleiðingu á nýjum kerfishluta fyrir vinnslu fjárhagsáætlunar „Business Books“ í Unit4 Business World fjárhagsupplýsingakerfinu. Gert er ráð fyrir að nýtt líkan verði þróað í kerfinu í samræmi við nútímakröfur og áherslur um gagnsæi, rafræna ferla og gott aðgengi að upplýsingum.

#### Lýsing á verkefninu

Tekið verið til rýningar aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar. Verkefnið felur í sér heildstæða rýningu á úthlutun og meðhöndlun fjárheimilda til reksturs grunnskóla, þ.e. almennrar kennslu, stuðnings, sérkennslu, yfirstjórnar, reksturs skrifstofu, húsnæðis, skólabókasafna o.fl.

Skipaður verði starfhópur fyrir verkefnið sem fær það hlutverk að undirbúa og vinna að aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun fjárheimilda til grunnskóla og innleiða breytt verklag við undirbúning, vinnslu og framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Jafnframt verði skipaður eigendahópur verkefnisins sem hefur það hlutverk að afmarka verkefnið, styðja við það og leggja línur eftir því sem verkefninu vindur fram.

Verkefninu verði skipt í eftirfarandi áfanga:

1. Fyrsti áfangi verkefnisins felur í sér að útfæra tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir grunnskóla Reykjavíkur. Í því felst að setja fram hugmyndfræði um helstu forsendur og áherslur um hvaða aðferðafræði verði fylgt við úthlutun og stýringu fjárheimilda.
2. Þegar helstu áherslur liggja fyrir verði hannað úthlutunar- og reiknilíkan fyrir meðhöndlun fjárheimilda. Verkefnið felur í sér að stilla upp hönnunarlýsingu.
3. Þegar hönnunarlýsing liggur fyrir verður líkanið eða safn líkana hannað í áætlunarkerfi Reykjavíkurborgar, Business Books, með aðstoð sérfræðinga og ráðgjafa Unit4.

### **Markmið verkefnisins**

Útfæra og taka í notkun nýtt reiknilíkan til úthlutunar á fjárheimildum til grunnskóla Reykjavíkurborgar sem tekur mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, þar sem áherslan er „að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika“. Þá taki reiknilíkanið mið af lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla, þ.m.t. viðmiðunarstundaskrá.

Markmiðið er að útfæra reiknilíkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar. Markmiðið er að ná fram líkani sem auðvelt verði að nýta til stýringar á fjármagni í gegnum fjárhagsáætlunar- og uppgjörsferli. Áhersla verði lögð á að tryggja jafnræði á milli skóla og hverfa, þar sem tekið er tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna. Við útfærslu verði lögð áhersla á árangursstjórnun og skipulegar mælingar.

### **Hlutverk starfshóps**

Hlutverk starfshópsins er að rýna núverandi verklag og útfæra tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir grunnskóla Reykjavíkur og leggja fyrir eigendahóp til yfirferðar og samþykktar. Þá er hópnunum falið að leiða hönnun á nýjum líkönunum, yfirfara úthlutunarreglur eftir því sem við á, innleiða breytingar og skjala með endurskoðun á gildandi verklagsreglum og leiðbeiningum.

Áhersla verði lögð á að leita ávallt bestu leiða við lausn verkefnisins með hagkvæmni og hagsmuni borgarinnar í huga.

### **Afmörkun**

Rekstur borgarrekkinna grunnskóla Reykjavíkurborgar. Í því felst úthlutun fjárheimilda heildstætt til reksturs grunnskóla, svo sem til almennrar kennslu, stuðnings, sérkennslu, yfirstjórnar, reksturs skrifstofu, húsnæðis, skólabókasafna o.fl.

## Helstu verkefni

- Afmarka verkefnið með nánari hætti og áætla umfang þess
- Gera verkefnisáætlun; endurskoða og uppfæra eftir atvikum.
- Rýna núverandi verklag og nýtingu fjárheimilda í samanburði við úthlutað fjármagn.
- Útfæra nýja tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir grunnskóla Reykjavíkur.
- Leggja fram tillögur fyrir eigendahóp til yfirferðar og samþykktar.
- Úfæra hönnunarlýsingu.
- Leiða hönnun á nýjum líkönum í UBW Business Books áætlunarkerfi Reykjavíkurborgar.
- Prófa ný kerfi.
- Yfirfara úthlutunarreglur til skóla sem taka mið af nýjum úthlutunarlíkönum.
- Kynna og innleiða ný úthlutunarlíkön.
- Skjala uppsetningu.
- Endurskoða gildandi verklagsreglur og leiðbeiningar. Gefa út í rekstrarhandbók FMS og SFS.

## Verkefni eigendahóps

Hlutverk eigendahóps er að leggja áherslur fyrir verkefnið, yfirfara tillögur um útfærslu og taka ákvarðanir um leiðir.

## Eigendahópur

- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs
- Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
- Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri
- Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu
- Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu /deildarstjóri áætlunar- og greiningar
- Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs

## Ábyrgðarmaður f.h. eigendahóps:

- Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu /deildarstjóri áætlunar- og greiningar

## Starfshópur

- Ásta Friðriksdóttir, sérfræðingur FMS (formaður og verkefnisstjóri)
- Erik Tryggvi S. Bjarnason, sérfræðingur FMS (er verkefnisstjóri fyrir innleiðingu Business Books)
- Guðmundur G. Guðbjörnsson, deildarstjóri SFS
- Valgeir Ólafur Sigfússon, sérfræðingur SFS
- Þórður Kristjánsson, fjármálaráðgjafi við grunnskóla

## Ráðgjafar Unit4

- Johnny Höydahl, kerfishönnun og ferlar (e. chief architect/process lead)
- Dan Nylænder, kerfishönnun og innleiðing (e. system architect & implementation consultant)
- Lis Klitgaard Bertelsen, innleiðing (e. implementation consultant)
- Magnus Meinert Schöning, verkefnisstjórn (e. project manager)
- Mette Tonstad, eigandi verkefnis (e. project owner)

### **Samstarfsaðilar/ráðgjafar**

- Samráð skólastjóra
- Fjármálaráðgjafar grunnskóla
- Hrund Logadóttir, verkefnastjóri (sérkennsla og stuðningur)
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri (börn af erlendum uppruna)
- Starfshópur um innleiðingu á áætlunarkerfinu Unit4 Planner og Business Books

### **Starfstími**

Starfstími hópsins er **21. mars 2019 til 31. des. 2019**.

Gert er ráð fyrir að fyrsta og öðrum áfanga verið lokið þann 31. maí 2019. Þriðji áfangi verði unnin í samstarfi við ytri ráðgjafa á tímabilinu júní – okt.. Yfirferð, ítrun og prófanir fari fram í nóvember og desember.

Reykjavík, 18. mars 2019.

---

*Dagur B. Eggertsson,  
borgarstjóri*

*Afrit:*

Borgarritari

Þátttakendur og ráðgjafar